



Sértækar ákvarðanir

1. Við innleiðingu á grunnmati starfa og ákvörðun launa á grundvelli þess, skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, var forstöðumönnum ríkisstofnana kynnt sú ákvörðun að ef grunnmat þess starfs sem þeir sinntu mælti fyrir um lægri heildarlaun en síðasti úrskurður kjararáðs kvað á um, þá myndi úrskurður kjararáðs halda gildi sínu þar til launaákvörðun, samkvæmt nýju grunnmati starfa, að teknu tilliti til almennra launahækkana, yrði jöfn núverandi heildarlaunum þeirra. Fjárhæð launa þeirra sem þetta á við helst því óbreytt, frá því sem kjararáð úrskurðaði, og tekur ekki hækkunum fyrst um sinn. Taki nýr einstaklingur við starfi forstöðumanns fara laun eftir niðurstöðu grunnmats starfa, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996, en ekki samkvæmt fyrri úrskurði kjararáðs.

Dæmi um fjárhæð sem helst óbreytt eru innheimtulaun þeirra sýslumanna sem jafnframt voru innheimtumenn ríkissjóðs. Samkvæmt úrskurði kjararáðs frá árinu 2015 voru innheimtulaun hluti af heildarlaunum þeirra. Framangreind innheimtulaun eru ekki hluti af nýju launakerfi forstöðumanna og eru því ekki lengur reiknuð árlega. Fjárhæðin sem helst óbreytt er því sú sem kom til vegna innheimtuárangurs þeirra árið 2018 en hið nýja launakerfi tók gildi 1. janúar 2019. Greiðslur þessar falla niður, láti umræddir sýslumenn sem þetta á við af störfum þ.e. taki nýr sýslumaður til starfa eru greidd laun skv. hinu nýja grunnmati, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996 (sólarlag).

Laun þeirra forstöðumanna sem þetta á við eru eftirfarandi:

Stofnun	Mánaðarlaun	Einingar	Innheimtulaun	Heildarlaun
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	957.294	335.055	388.456	1.680.805
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	957.294	335.055	403.252	1.695.601

2. Með lögum nr. 79/2019 var launaákvörðun forsetaritarar, formanna, varaformanna og annarra nefndarmanna sjálfstæðra úrskurðar- og kæruneftnda færð til fjármála- og efnahagsráðherra sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um laun fyrrgreindra starfa, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ástæða þess er sú að störfin falla illa að forsendum hins heildstæða grunnmats, sem byggir á hlutlægum þáttum. Það lýsir sér m.a. í því að hið heildstæða grunnmat starfa forstöðumanna tekur að takmörkuðu leyti tillit til sérstöðu fyrrgreindra starfa enda mótað áður en störfin voru færð undir fyrrgreinda grein sem grunnmat starfa byggir á.

Fyrirhugað er að fara í heildarendurskoðun á kerfinu, þar sem lagt verður mat á virkni og árangur grunnmatsins frá innleiðingu þess. Að teknu tilliti til þess og fyrrgreindra sérstöðu hefur verið tekin ákvörðun um, m.t.t. jafnræðis- og réttmætissjónarmiða, að laun vegna fyrrgreindra starfa taki mið af fyrri forsendum en njóti almennra hækkana líkt og aðrir sem undir grunnmatið falla, í formi annara launa. Sú ákvörðun gildir þar til annað verður ákveðið. Taflan sýnir laun sem gilda frá 1. júní 2026.



	Mánaðarlaun	Einingar	Önnur laun	Heildarlaun
Forsetaritari	1.163.404	254.400	404.553	1.822.357
Kærunefnd útlendingamála, formaður	1.052.196	407.040	414.238	1.873.474
Kærunefnd útlendingamála, varaformaður	984.182	305.280	374.558	1.664.020
Úrskurðarnefnd umhverfismála, formaður	1.052.196	407.040	414.238	1.873.474
Úrskurðarnefnd umhverfismála, varaformaður	984.182	305.280	374.558	1.664.020
Úrskurðarnefnd velferðarmála, formaður	1.052.196	407.040	414.238	1.873.474
Úrskurðarnefnd velferðarmála, varaformaður	984.182	305.280	374.558	1.664.020
Úrskurðarnefnd velferðarmála, nefndarmenn	951.892	305.280	367.012	1.624.184
Yfirkattanefnd, formaður	1.052.196	407.040	414.238	1.873.474
Yfirkattanefnd, varaformaður	984.182	305.280	374.558	1.664.020
Yfirkattanefnd, nefndarmenn	951.892	305.280	367.012	1.624.184